

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að hækka holræsagjald og lágmark og hámark holræsagjalds um allt að 50% án þess að leita þurfi til þess samþykkis ráðuneytis.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðiljar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 66 14. nóvember 1917, um holræsagjöld á Akureyri og vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld á Akureyri nr. 39 frá 7. marz 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

14. marz 1972.

Nr. 60.

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 25. júní 1972.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælanda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1060 meðmælendur, en mest 2120.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 125 meðmælendur, en mest 250.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 220 meðmælendur, en mest 440.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 95 meðmælendur, en mest 190.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 14. marz 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.